



HEILBRIGÐISEFTIRLIT AUSTURLANDS

Ársskýrsla 2012

Skýrslan er send á rafrænu formi til sveitarfélaga á Austurlandi, SSA/Austurbrúar, Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Umhverfis- og auðlindaráðuneytis

Ársskýrslan var samþykkt á fundi Heilbrigðisnefndar Austurlands þann 20. mars 2013

ÁRSSKÝRSLA HAUST 2012

EFNISYFIRLIT

1	Formáli - Um heilbrigðiseftirlit	2
1.1	Stjórnsýsluleg skipan á vegum sveitarfélaganna	2
2	Inngangur	3
2.1	Skammstafanir	3
3	Heilbrigðisnefnd.....	4
3.1	Starf Heilbrigðisnefndar.....	4
4	Starfslið HAUST árið 2012	6
4.1	Starfsmenn 2012	6
4.2	Endurmenntun og samstarfsfundir	6
5	Samstarf út fyrir Austurland	7
5.1	Samskipti UST/MAST og HES.....	7
5.2	Vorfundur.....	7
5.3	Haustfundur	8
5.4	Vinnuhópar HES og UST/ MAST.....	8
5.5	Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða	8
6	Stjórnsýsla	8
6.1	Fjármál og ársreikningar	8
6.2	Eftirlitsskyld starfsemi – fjöldi starfsstöðva	9
6.3	Framsal eftirlitsverkefna frá UST og MAST til HAUST	10
6.3.1	Verkefni frá UST	10
6.3.2	Verkefni frá MAST	11
7	Starfsemi HAUST á árinu 2012.....	11
7.1	Útgefin starfsleyfi	11
7.2	Útgefin tóbakssöluleyfi	12
7.3	Eftirlit í fyrirtækjum - yfirlit	12
7.4	Sýnatökur	13
7.5	Kvartanir.....	14
7.6	Efst á baugi í matvælaeftirliti	15
7.6.1	Neysluvatn	16
7.6.2	Samstarfsverkefni MAST og HES – matvælahópur	17
7.6.3	Ís úr vél	18
7.7	Efst á baugi í mengunarvarnaeftirliti	19
7.7.1	Fráveitumál sveitarfélaga	19
7.7.2	Fráveitumál fyrirtækja.....	19
7.7.3	Vatnasvæðanefndir	20
7.7.4	Samstarfsverkefni UST og HES – Umhverfisgæðahópur	20
7.8	Efst á baugi í hollustuháttaeftirliti	21
7.8.1	Raki og mygla í húsnæði	21
7.8.2	Veggjalús í gististöðum.....	21
7.8.3	Baðstaðir.....	21
7.8.4	Leikvellir og leiktæki.....	22
7.8.5	Hestaleigur.....	22
7.8.6	Samstarfsverkefni UST og HES – Hollustuháttahópur	23
7.8.7	Samstarfsverkefni UST og HES – Efnavöruhópur	23
8	Lokaorð.....	23

Forsíðumynd: Seyðisfjörður séður ofan af Bjólfi, ágúst 2012. Helga Hr.




1 FORMÁLI - UM HEILBRIGÐISEFTIRLIT

1.1 STJÓRNSÝSLULEG SKIPAN Á VEGUM SVEITARFÉLAGANNA

Heilbrigðiseftirlit er rekið skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. en þar segir m.a. „Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits“ og „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði“.

Sveitarfélögin á Austurlandi og sveitarfélagið Hornafjörður standa að rekstri HAUST skv. eftirfarandi skipuriti og stofnsamningi um reksturinn sem er að grunni til frá 1998.

Sveitarfélög sem standa að rekstri byggðasamlags um HAUST og skipan í heilbrigðisnefnd Austurlands



2 INNGANGUR

Rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands er í nokkuð föstum skorðum og hefur verið svo í allmörg ár. Árið 2012 var þar engin undantekning. Bæði er að mikil festa er í starfsmannahaldi, fyrirtækjaskráin breytist stöðugt, en er innan ákveðins ramma og núverandi heilbrigðisnefnd er samhent og samstarf nefndarinnar og starfsmanna liðugt.

2.1 SKAMMSTAFANIR

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í skýrslunni:

Heilbrigðiseftirlit Austurlands	HAUST
Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna	HES
Matvælastofnun	MAST
Samtök Heilbrigðiseftirlitssvæða	SHÍ
Samtök sveitarfélaga á Austurlandi	SSA
Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti	ANR
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	UAR
Umhverfisstofnun	UST



3 HEILBRIGÐISNEFND

Frá því að skipað var í heilbrigðisnefnd á aðalfundi SSA í september 2010 hafa orðið litlar breytingar á skipan nefndarinnar og engar frá því á árinu 2011.

Heilbrigðisnefnd Austurlands var þannig skipuð allt árið 2012:

Formaður:	Valdimar O. Hermannsson, Fjarðabyggð
Varaformaður:	Árni Kristinsson, Fljótsdalshérað Sigurlaug Gissurardóttir, Hornafjörður Andrés Skúlason, Djúpvogur Ólafur Hr. Sigurðsson, Seyðisfjörður
Fulltrúi atvinnurekenda:	Benedikt Jóhannsson, Fjarðabyggð
Fulltrúi Náttúruverndarnefnda:	Eiður Ragnarsson, Fjarðabyggð
Varamenn eru:	Elvar Jónsson, Fjarðabyggð Aðalsteinn Ásmundsson, Fljótsdalshérað Haukur Ingi Einarsson, Hornafjörður Birgir Árnason, Hornafjörður Borghildur Sverrisdóttir, Vopnafjörður
F.h. atvinnurekenda:	Auður Ingólfssdóttir, Fljótsdalshérað
F.h. náttúruverndarnefnda:	Erlín Emma Jóhannsdóttir



Heilbrigðisnefnd Austurlands í maí 2012. Skoðunarferð í fyrirtækið Holt og Heiðar á Hallormsstað: Frá vinstri: Sigurlaug, Ólafur, Andrés, Eiður, Árni, Valdimar og Benedikt.

3.1 STARF HEILBRIGÐISNEFNDAR

Á árinu 2012 voru haldnir fundir skv. eftirfarandi:

2. febrúar	símfundur	12. september	símfundur
21. mars	símfundur	24. október	Aðalfundur á Seyðisfirði
8. maí	á Hallormsstað	14. nóvember	símfundur
13. júní	símfundur	12. desember	símfundur

Auk aðalfundar voru samtals 7 nefndarfundir, allt símfundir nema einn. Í maí var fundað í nýju Hótelu á Hallormsstað og það skoðað hátt og lágt auk þess að heimsækja fyrirtækið Holt og Heiðar sem framleiðir sultur, birkisýróp o.fl. úr jarðargróðanum.

Aðalfundur var haldinn á Seyðisfirði. Auk venjulegra aðalfundarstarfa var sérstaklega fjallað um El Grillo, annars vegar frá sölulegu sjónarmiði og þá ekki síður þá stöðugu mengun sem þaðan berst, þrátt fyrir ítarlega upphreinsun.





Frá aðalfundi HAUST 2012, á Hótel Öldunni, Seyðisfirði.

Árni Kristinsson (Fljótsdalshérað), Borgþór Freysteinsson (HAUST), Gunnþórunn Ingólfssdóttir (Fljótsdalshreppur), Bjarni Sveinsson (Borgarfjarðarhreppur), Gunnar Jónsson (Fljótsdalshérað), Valdimar Hermannson (formaður heilbrigðisnefndar), Vilhjálmur Jónsson (Seyðisfjörður), Helga Hreinsdóttir (HAUST), Leifur Þorkelsson (HAUST), Páll Baldursson (Breiðdalsvík), Páll Björgvin Guðmundsson (Fjarðabyggð), Daníel Björnsson (Seyðisfjörður), Sigurlaug Gissurardóttir (Hornafjörður)

4 STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2012

4.1 STARFSMENN 2012

Mannahald á árinu 2012 var óbreytt og hefur verið eins frá árinu 2009:

Svæði /aðsetur heilbrigðisfulltrúa	Starfsmaður eða heilbrigðisfulltrúi	Stöðugildi
Hafnarsvæði	Borgþór Freysteinsson, BF mjólkurfræðingur	40% stöðugildi.
Fáskrúðsfjörður til Djúpavogs	Hákon Hansson, HH dýrlæknir og heilbrigðisfulltrúi	35% stöðugildi
Mið- og norðursvæði Austurlands auk sérhæfðs eftirlits með ákveðnum fyrirtækjaflokkum	Helga Hreinsdóttir HHr næringarfræðingur, kennari og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi framkvæmdastjóri
	Leifur Þorkelsson, LP sjávarútvegsfræðingur og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi staðgengill frkvst.
	Júlía Siglaugsdóttir, JS kennari með raungreinaval og heilbrigðisfulltrúi	60% stöðugildi

Starfsmenn á norðursvæðinu geta sérhæft sig nokkuð í eftirliti. Þannig hefur Leifur aðallega eftirlit með matvælafyrirtækjum, Júlía sér mest um fyrirtæki og starfsemi sem heyra undir hollustuháttasvið og Helga sinnir aðallega mengandi starfsemi. Hvert þessara þriggja fylgjast vel með því sem er efst á baugi í viðkomandi málaflokki og miðlar til annarra starfsmanna, enda verða allir starfsmenn HAUST að geta sinnt hverskonar eftirliti þannig að full hagkvæmni náist í rekstri.

4.2 ENDURMENNTUN OG SAMSTARFSFUNDIR

Helstu námskeið og ráðstefnur sem starfsmenn tóku þátt í á árinu 2012:

27.1.	Helga	Námskeið um starfsmannasamtöl á vegum BHM
9.-10.2.	Leifur	Matvælaráðstefna í Finnlandi
28.-29.2.	Hákon	Námskeið um súnur hjá MAST í Rvík
15.-16.3.	Hákon	Námskeið um örverufræðileg viðmið í Rvík
22.3.	Leifur	Námskeið um áhættuflokkun matvælafyrirtækja í Rvík
23.-25.3.	Leifur	Námskeið um HACCP í matvælafyrirtækjum í Rvík
4.9.	Leifur	Námskeið um efni í snertingu við mat í Rvík
4.-5.9.	Borgþór	Haustrundur hollustuháttahóps í Vestmannaeyjum
17.-18.9.	Leifur	Námskeið um skelfiskeldi
29.-30.10.	Helga, Leifur, Borgþór og Júlía	Haustrundur allra heilbrigðiseftirlitssvæða með UST MAST og ráðuneytunum. Rvík
2.11.	Borgþór	Námskeið um raka og myglu í húsnæði í Rvík.
7.-8.11.	Helga	Ráðstefna um efnavörueftirlit í Kaupmannahöfn

Langflest námskeiðanna voru haldin fyrir tilstilli MAST og vegna upptöku matvælalöggjafar Evrópusambandsins. Námskeiðin eru flest styrkt af TAIEX, þ.e. vegna fjarlægðar milli starfsstöðvar og staðsetningar námskeiðs hafa fengist greiðslur á móti ferða- og gistikostnaði.

Starfsmannafundur var haldinn 25.1.2012 í Breiðdalssetri. Því miður varð ekki af seinni starfsmannafundi sem áformaður var í október/nóvember. Það er ásetningur að láta slíkt ekki gerast aftur, enda afar mikilvægt að starfsmenn hittist, samræmi vinnubrögð og geti borið sig saman. Að auki fer á slíkum samstarfsfundum fram miðlun fræðslu af námskeiðum sem starfsmenn hafa sótt og lagðar línur að átaksverkefnum.



5 SAMSTARF ÚT FYRIR AUSTURLAND

5.1 SAMSKIPTI UST/MAST OG HES

Á árinu 2010 voru teknir upp reglulegir símfundir yfirmanna UST með framkvæmdastjórum. Þessum fundum hefur verið haldið áfram, en þeim hefur heldur fækkað og voru líklega fjórir á árinu 2012. Heldur hefur dregið úr vægi þessara funda, fundargerðir hafa skilað sér seint og mál hafa ekki verið útrædd/leyst. Yfirmenn MAST boðuðu á árinu til eins slíks símfundar með framkvæmdastjórum HES, en ekki hefur orðið af fleiri slíkum fundum þrátt fyrir áform þar um.

Það er mat frkvstj. að samskipti samræmingarstofnana og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga markist nokkuð af örðugleikum innan stofnananna. Mikil orka fer enn í að móta starf þeirra og gæðafarla, mannaskipti eru ör og fjármagn vantar til reksturs. Samskipti við heilbrigðiseftirlitssvæðin og vinna við samræmingu eftirlitsverkefna eru ekki forgangsverkefni. Slíkt hefur því miður í för með sér að heilbrigðiseftirlitssvæðin vinna hvert út frá sínum viðfangsefnum og mismunur verður í framkvæmd eftirlitsþátta. Reynt er að setja fyrir þessa þróun með símfundum framkvæmdastjóra og líflegum tölvupóstum þeirra á milli, en ekki má gleymast að bæði MAST og UST hafa lögboðnar skyldur, sbr. eftirfarandi ákvæði í hollustuháttalögum nr. 7/1998: „Stofnunin (UST) hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti og skal sjá um vöktun og að rannsóknir þessu tengdar séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu.“

Hjá UST og MAST er kvartað undan að yfirumsjónarhlutverði sé óskilgreint og báðar stofnanirnar hafa gefið til kynna að þær vilji losna við yfirumsjónarhlutverkið enda hafi þær ekki tök á að sinna því án boðvalds yfir heilbrigðisnefndum sveitarfélaga.

5.2 VORFUNDUR

Hefðbundinn vorfundur var haldinn á Siglufirði 8. og 9. maí. Fundinn sátu að venju framkvæmdastjórar HES, yfirmenn UST og MAST og fulltrúar frá UHR og SLR en að þessu sinni sátu fundinn einnig tveir stjórnarmenn SHÍ. Fundurinn var tvískiptur á þann veg að fyrri daginn fundaði UST með HES, en seinni daginn MAST með HES.

UST-hluti vorfundar

Megintími fyrri dagsins fór í stefnumótunarumræðu í vinnuhópum. Niðurstöður vinnunnar verða hugsanlega nýttar við endurskoðun hollustuháttalaga. Í endurskoðun hollustuháttalaga sem og endurskoðun efnavörulaga er enn tilhneiging til að færa verkefni frá sveitarfélögum til ríkis. Óánægju gætir meðal HES vegna þess hve langan tíma tekur að endurskoða reglugerðir t.d. hollustuháttareglugerð, reglugerð um áhættu af olíumengun vegna starfsemi í landi.

Vegna tímaskorts var ekki tekin ákvörðun um sameiginleg verkefni á árinu 2012, en málinu vísað til tölvusamskipta HES og UST.

MAST hluti vorfundar

Á fundinum bar það hæst að samþykkt var að taka upp áhættuflokkunarkerfi matvælafyrirtækja sem grunn að eftirlitinu í byrjun árs 2014. MAST hefur unnið handbók til að nota í matvælaeftirliti og voru áform um að vinna slíka handbók einnig fyrir matvælaeftirlit HES. Þriggja manna hópur hafði verið skipaður í verkið, en í ljós kom að verkið var mun umfangsmeira en menn gerðu sér grein fyrir og enn er þetta verkefni óleyst.

Tillaga um eftirfarandi eftirlitsverkefni árið 2013 var samþykkt:

- Sýnatökur og rannsóknir á matvælum til að sannprófa örverufræðileg viðmið.
- Merkingar á erfðabreyttu fóðri og matvælum og upprunamerkingar á grænmeti.



5.3 HAUSTFUNDUR

Haustfundur var haldinn í Reykjavík 30.-31. október og skipulagður af SHÍ. Að þessu sinni var ákveðið að hafa dagleg stöð heilbrigðisfulltrúa í brennidepli. Unnið var í hópum með raunveruleg verkefni, forsendur, lagarammi, aðferðir og ákvarðanir við viðfangsefnin voru rýnd og samræmd. Almenn ánægja var með hvernig til tókst.

5.4 VINNUHÓPAR HES OG UST/ MAST

Á vegum UST/MAST og HES eru starfandi fjórir vinnuhópar. Hópunum er ætlað að samræma verklag heilbrigðiseftirlitssvæðanna undir stjórn samræmingarstofnanna, taka á ágreiningsefnum og leiða samstarfs- eða átaksverkefni. Greint er frá vinnu hópanna á árinu 2012 aftur í skýrslunni.

5.5 SAMTÖK HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐA

Aðalfundur SHÍ var landinn 29. október 2012 í húsakynnum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Herdís Sigurjónsdóttir, formaður heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Kristín Soffía Jónsdóttir, formaður; heilbrigðisnefndar Reykjavíkur tók við formennskunni.

Á vegum SHÍ voru á árinu haldnir nokkrir fundir framkvæmdastjóra. Mikil vinna hefur farið í fundi vegna umræðu um breytingu á hollustuháttalögum og efnavörulögum.

6 STJÓRNSÝSLA

6.1 FJÁRMÁL OG ÁRSREIKNINGAR

Á aðalfundi HAUST í október 2011 var samþykkt breyting á gjaldskrá byggðasamlagsins. Rekstartölur ársins 2011, þ.e. tekjur og gjöld voru nokkuð jöfn. Kostnaður við daglegan rekstur hafði hækkað nokkuð milli ára, ekki síst sýnatökukostnaður. Við gerð fjárhagsáætlunar 2012 var útlit fyrir að ekki yrði af endurnýjun samninga um eftirlitsverkefni fyrir UST og að tekjur í rekstri HAUST yrðu lægri en árið á undan. Aðalfundur samþykkti að hækka tímagjald HAUST í kr. 9.400 og sýnatökugjald í kr. 12.500.


Snemma á árinu 2012 náðust hins vegar samningar við UST og þá varð ljóst að ekki var þörf fyrir að fullnýta gjaldskrárhækkunina. Heilbrigðisnefnd samþykkti því að vinna með tímagjaldið 9.200 kr. Skv. upplýsingum frá lögfræðingum Umhverfissráðuneytis þurfti ekki að samþykkja nýja gjaldskrá vegna þessa, enda ekki um íþyngjandi ákvörðun að ræða.

Bæði tekjur og gjöld ársins 2012 fóru talsvert fram úr áætlunum, tekjur þó meira, enda var óvenjumikið um sérverkefni á árinu, bæði verkefni fyrir UST og sýnatökur fyrir ýmsa aðila.

Stólparitið hér að neðan sýnir lykiltölur úr ársreikningum undanfarinna ára., ath. að tölur fyrir 2012 eru úr bráðabirgðauppgjöri en ekki frágengnum ársreikningum og fyrir árið 2013 eru skv. fjárhagsáætlun.




Lykiltölur úr bókhaldi




6.2 EFTIRLITSSKYLD STARFSEMI – FJÖLDI STARFSSTÖÐVA

Fjöldi eftirlitsskyldra starfsstöðva á starfssvæðinu sl. 11 ár sést á stólpáritinu hér að neðan. Rauðu súlurnar sýna fjölda verkefna á uppbyggingartíma virkjunar og álvers.

Fjölgun fyrirtækja á árunum 2010-2012 skýrist aðallega af skráningarformi, þ.e. að skráðir eru eftirlitsskyldir þættir starfsstöðva skv. ÍSAT númerum. Þannig getur eitt fyrirtæki verið skráð fyrir fleiri tegundum starfsemi. Fyrirtækjum hefur þó fjölgað því starfsemi er í uppbyggingu eftir hrun, allmörg fyrirtæki hafa risið í kjölfar gjaldþrota stórra fyrirtækja. Hjá HAUST hefur enn fremur verið unnið markvisst að því að skrá öll eftirlitsskyld fyrirtæki. Opin leiksvæði eru t.d. loks komin á eftirlitsskrá og munar nokkuð um fjöldann þar.



Þróun í fjölda starfsstöðva eftir svæðum, þ.e. suður, norður og mið kemur fram hér að neðan. Suðursvæði nær yfir Hornafjörð og Djúpavog, miðsvæðið er Fjarðabyggð og Breiðdalsvík og norðursvæðið sveitarfélögin fimm þar fyrir norðan.



6.3 FRAMSAL EFTIRLITSVERKEFNA FRÁ UST OG MAST TIL HAUST

6.3.1 Verkefni frá UST

Samningar um framsalsverkefni frá UST hafa verið tveir. Annar samningurinn varð gerður á árinu 1995 og fjallaði um eftirlit með fiskimjölsverksmiðjum. Hinn samningurinn var gerður á árinu 1998 um fjallaði um eftirlit með sorpförgun og spilliefnamóttökum.

Eins og fram kemur hér að ofan gekk seint að semja við UST um áframhaldandi eftirlitsverkefni eftir að samningur um eftirlit með fiskimjölsverksmiðjum frá 1995 rann út í árslok 2011. Því var ekki unnt að gera ráð fyrir tekjum af því eftirliti í áætlanagerð fyrir árið 2012. Í byrjun ársins náðust þó samningar og í þeim felst að HAUST fer með eftirlit með fiskimjölsverksmiðjum á starfssvæðinu eins og verið hefur, en að auki var samið um að HAUST færi með eftirlit með fiskeldisfyrirtækjum sem UST gefur út starfsleyfi fyrir og eru á starfssvæði HAUST. Í samningnum er einnig ákvæði um að UST geti falið HAUST tilfallandi eftirlitsverkefni. Þessi nýi samningur er nokkuð öðruvísi en sá fyrri og gefur UST tæki til að hafa mun stífara aðhald og eftirlit með framkvæmd samningsins, en það er ekki neikvætt. Annar veigamikill munur á samningnum er að nú innheimtir HAUST ekki eftirlitsgjöld af viðkomandi fyrirtækjum skv. sinni gjaldskrá, heldur rukkar HAUST UST og UST rukkar síðan fyrirtækin skv. sinni gjaldskrá, sem er nokkuð hærri en gjaldskrá HAUST. Fjárhagslegur ávinningur af eftirliti úr nærumhverfinu rennur því til UST en ekki til viðkomandi fyrirtækja. Á grunni þessa nýja samnings óskaði UST síðsumars eftir að HAUST færi í reglubundið eftirlit með fjórum starfsstöðvum á Norðurlandi eystra, þ.e. einni fiskimjölsverksmiðju og þrem urðunarstöðum úrgangs. Heilbrigðisnefnd samþykkti þetta verkefni og urðu af því þokkalegar tekjur. Rétt er að nefna að Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hefur ekki falast eftir framsalssamningum.

Samningi um eftirlit með sorpförgunarstöðum og spilliefnum hefur verið sagt upp og tekur uppsögnin gildi í árlök 2013. Þegar hefur verið falast eftir endurnýjun þess samnings og eru vonir bundnar við að vel gangi að semja um þau verkefni áfram, enda hefur framkvæmd nýja samningsins um fiskimjölsverksmiðjur og fiskeldi gengið vel. Unnið er að því að sníða af hnökra, en fullur vilji er á báða bóga til að samstarfið takist.



6.3.2 Verkefni frá MAST

Í desember 2010 tókust samningar við MAST um að HAUST vinni starfsleyfi og fari að öllu leyti með matvælaeftirlit í nokkrum fyrirtækjum sem ella hefðu færst yfir til MAST skv. nýju matvælalögunum. Um var að ræða 8 lítil matvælafyrirtæki, þar sem unnið er með fisk, kjöt eða hrámjólk, oft í tengslum við aðra starfsemi sem HAUST hefur eftirlit með.

Af hálfu HAUST þótti samstarf við MAST ekki ganga nægilega vel, svör um vafaatriði fengust seint og voru jafnvel misvísandi milli starfsmanna MAST. Einnig kom fyrir að langan tíma tók að fá úrskurði um hvort ný starfsemi gæti fallið undið ákvæði samningsins, þannig að uppbygging í fyrirtækjarekstri tafðist.


MAST þótti samstarfið einnig ganga stirðlega við þau þrjú eftirlitssvæði sem höfðu framsalssamninga, þ.e. Suðurland, Norðurland eystra og HAUST og sagði stofnunin samningunum upp á haustmánuðum og reyndar ritaði HAUST uppsagnarbréf varðandi sama samning sama dag. Að frumkvæði MAST var heilbrigðissvæðunum boðinn nýr samningur, en öllum svæðunum þremur þóttu hann óaðgengilegur og illa skilgreindur. Því var lagt til að MAST tæki yfir eftirlitið með þessum fyrirtækjum á árinu 2013 til að starfsmenn stofnunarinnar gætu áttað sig á umfangi og eðli viðkomandi starfsemi og að síðan yrði tekin upp umræða um framsal á ný.

Á árinu 2012 tók gildi reglugerð nr. 580/2012 um framleiðslu og markaðssetningu matvæla undir smáræðismörkum. Í henni er m.a. fjallað um sölu á matvælum framleiddum í heimahúsum og einnig svokölluð smáræðismörk, þ.e. tilfallandi framleiðslu matvæla í litlu magni. Þessi reglugerð hefur m.a. haft í för með sér að MAST hefur endurskoðað listann um framseld fyrirtæki og ákveðið að fimm fyrirtæki sem að samningurinn náði til skuli alveg falla undir HAUST en aðeins þrjú flytjast yfir til MAST. Þegar þetta er ritað eru því engir framsalssamningar milli MAST og HAUST.

7 STARFSEMI HAUST Á ÁRINU 2012


7.1 ÚTGEFIN STARFSLEYFI

Fjöldi útgefna starfsleyfa var þriðjungur lægri en árið 2011 og árið þar á undan voru leyfin enn fleiri. Líklega eru nú að koma í ljós áhrif ákvörðunar frá árinu 2006 um gefa starfsleyfi út til 12 ára í stað fjögurra áður.




Af sundurliðun útgefinna starfsleyfi í stólparitinu hér að neðan sést að nýjum leyfum fækkar ekki mikið en breyttum og endurnýjuðum leyfum fækkar allnokkuð.

Útgefin starfsleyfi 2009-2012, flokkuð eftir helstu tegundum leyfa



7.2 ÚTGEFIN TÓBAKSSÖLULEYFI

Í ágúst 2001 tóku gildi lög sem fólu heilbrigðisnefndum útgáfu leyfa til að selja tóbak. Það ár voru gefin út 75 slík leyfi. Síðan þá hefur tóbakssöluleyfum í gildi fækkað og nú eru þau 36.




7.3 EFTIRLIT Í FYRIRTÆKJUM - YFIRLIT

Reglubundið eftirlit er skipulagt í byrjun árs út frá eftirlitstíðni sem er skilgreind í starfsleyfum starfsstöðva út frá áhættuflokkun sem er einnig grunnur að gjaldskrá. Ath. að ekki er gert ráð fyrir eftirliti í hverri starfsstöð árlega og afar fá fyrirtæki eru heimsótt oftar en einu sinni árlega. Eftirlitsáætlun ársins gekk upp í stórum dráttum. Inn í heildarfjölda eftirlitsferða í stólparitinu hér að neðan eru auk reglubundinna eftirlitsferða úttektir t.d. vegna starfsleyfisvinnslu eða breytinga á starfsleyfi, en einnig nokkrar eftirfylgniferðir og sérstakar eftirlitsferðir vegna kvartana.



Fjöldi starfsstöðva og eftirlitsferða á árinu 2012 eftir sveitarfélögum:




7.4 SÝNATÖKUR


Sýnatökur í starfsleyfisskyldum fyrirtækjum eru skipulagðar rétt eins og eftirlitsferðir. Í reglugerðum er skilgreint að taka skuli sýni í sund- og baðstöðum, vatnsveitum o.fl. en auk þess eru tekin sýni skv. starfsleyfum, t.d. í fráveituvirkjum. Ef niðurstöður sýna gefa til kynna að einhverju sé ábótavant þarf að endurtaka sýni, jafnvel oft t.d. ef vatnsveitur spillast.

Stólparitið hér að neðan sýnir fjölda áætlaðra sýna í starfsleyfisskyldum fyrirtækjum eftir sveitarfélögum auk fjölda sýna sem tekin voru í reglubundnu eftirliti og síðan fjölda endurtekinna sýna.

Heildarfjöldi sýna er allmikið meiri en sýni sem tekin eru í starfsleyfisskyldum fyrirtækjum. Einkaaðilar biðja oft um sýnatökur af neysluvatni og einnig fiskvinnslur og önnur fyrirtæki sem eru undir eftirliti MAST. Einnig voru allmörg sýni af strandsjó tekin á árinu og verður gerð grein fyrir þeim síðar í skýrslunni.



Heildarfjöldi sýna eftir tegundum 2003-2012



7.5 KVARTANIR

47 formlegar kvartanir voru skráðar á árinu 2012.

Helstu orsakir kvartana eru nefndar hér að neðan. Öllum kvörtunum er sinnt með eftirlitsferðum, símtölum eða bréfaskriftum.


kvartanir tengdar	fjöldi	eðli kvartana
Mengun	25	Mest kvartað vegna lyktarmengunar frá fyrirtækjum, ryki og foki frá þurrum svæðum og ógrónum, mengun vatns og sjávar.
Matvælafyrirtækjum	9	Vanþríf í matvælafyrirtæki. Rang- eða vanmerkingar á matvælum. Röng geymsla matvæla í fyrirtæki.
Hollustuháttum	13	Gæludýr og lausaganga hunda. Innloft í húsum vegna myglu og/eða skólplyktar.



7.6 EFST Á BAUGI Í MATVÆLAEFTIRLITI

Matvælafyrirtæki með starfsleyfi frá HAUST voru í árslok árið 2012 360 og hafði þeim fjölgað um 14 frá fyrra ári. Fjölgunin er hlutfallslega mest á suður- og norðursvæðum í starfsemi tengdri ferðaþjónustu og heimavinnslu. Skiptingu matvælafyrirtækja á svæðinu í flokka má sjá á myndinni hér að neðan.

Flokkun matvælafyrirtækja 2012




Stóreldhús eru veitingastaðir, skyndibitastaðir, mótuneyti, kaffihús og sambærileg starfsemi. Í flokkinn annað fellur meðal annars tímabundin starfsemi, félagsheimili, bændagisting og önnur óskilgreind starfsemi.

Á árinu 2012 var farið í samtals 251 eftirlitsferð í matvælafyrirtæki þar af voru 238 ferðir til að sinna reglubundnu eftirliti. Skiptingu eftirlitsferða í matvælafyrirtæki á árinu má sjá á myndinni hér að aftan



Fjöldi eftirlitsferða í matvælafyrirtæki 2012



Á eftirlitsáætlun ársins voru 244 fyrirtæki og voru 238 þeirra eða 98% heimsótt, ástæður þess að fyrirtæki á eftirlitsáætlun voru ekki heimsótt geta m.a. verið þær að fyrirtæki hætta starfsemi áður en þau eru heimsótt. Þá eru dæmi um að starfsemi fyrirtækja liggi niðri um tíma en viðkomandi fyrirtæki vilja engu að síður halda starfsleyfum sínum.

Mismunur á heildarfjölda fyrirtækja með starfsleyfi og fyrirtækja á eftirlitsskrá ársins skýrst af því að ekki eru öll fyrirtæki með starfsleyfi heimsótt árlega. Þannig eru litlar vatnsveitur, áfengisverslanir, apótek o.fl. heimsótt annað hvert ár. Stórelldhús, matvöruverslanir og framleiðendur eru hinsvegar heimsóttir árlega.

7.6.1 Neysluvatn

Þriðjungur þeirra matvælafyrirtækja sem HAUST veitir starfsleyfi og hefur eftirlit með eru neysluvatnsveitur en alls eru 119 vatnsveitur með starfsleyfi frá HAUST, þar af eru yfir 100 litlar vatnsveitur sem þjóna m.a. ferðaþjónustustarfsemi og mjólkurbúum. Hér að neðan er tafla sem sýnir fjölda vatnsveitna, flokkun þeirra eftir stærð auk fjölda sýna sem tekin skulu úr hverri veitu.


Vatnsveitur á eftirlitsskrá 2012		sýnatökur skv. Neysluvatnreglugerð 536/2001	
Stærðarflokkur	fjöldi	reglubundin sýni árlega	heildarúttekt árlega
Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	5	4	1
Vatnsveitur 501-1.000 íbúa	5	4	1
Vatnsveitur 151-500 íbúar	3	1	Ákvörðun heilbrigðisnefndar í samráði við Matvælastofnun
minni vatnsveitur	106	annað hvert ár	
Vatnsveitur alls	119		

HAUST hefur hingað til flokka vatnsveitur eftir íbúafjölda á veitusvæði, í kjölfar heimsóknar eftirlitsnefndar frá eftirlitsstofnun EFTA (ESA) í upphafi árs 2013 gæti þurft að breyta þessari flokkun og taka mið af afhentu vatnsmagni í stað íbúafjölda. Þá er viðbúið að í skýrslu vegna



ESA heimsóknarinnar verði gerð athugasemd við það að gefin séu út starfsleyfi vegna minni vatnsveitna án þess að fyrir liggi niðurstöður heildarúttektar.

Niðurstöður sýnatöku úr reglubundnu eftirliti ársins 2012 má sjá á myndunum hér að neðan



Athygli vekur að 19% þeirra sýna sem tekin voru úr litlum vatnsveitum reyndust gölluð, þar sem þau uppfylltu ekki kröfur reglugerðar 536/2001 um neysluvatn m.t.t. örverufræðilegra. Það vekur ekki síður athygli þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar að greinilegur munur er á niðurstöðum á milli svæða, þannig standast öll sýnin sem tekin voru í Vopnafirði kröfur reglugerðarinnar á meðan þriðjungur sýna á Hornafjarðarsvæðinu reyndust gölluð. Á Fljótshálsbænum voru 15% sýna gölluð. Rétt er að vekja athygli á því að tiltölulega fáar sýnatökur liggja að baki þessum niðurstöðum og því rétt að fara varlega í því að draga ályktanir út frá þeim. Engu að síður er mikilvægt að hafa þetta í huga í framtíðinni og velja því fyrir sér hvort þurfi að gera mismunandi kröfur til frágangs vatnsbóla á milli svæða, að teknu tilliti til þátta á borð úrkomu og jarðlög svo dæmi séu tekin.

Ástæða þess að 7% sýna úr stærri vatnsveitum standast ekki gæðakröfur má rekja til einnar vatnsveitu, þ.e. vatnsveitu Fjarðabyggðar á Eskifirði en þar fundust kóligerlar í neysluvatni á haustdögum. Erfiðlega gekk að finna orsök mengunarinnar ekki síst vegna þess að vatnstökusvæðið er stórt og hluti þess liggur hátt yfir sjó og getur verið undir snjó stóran hluta ársins. Í kjölfarið hefur HAUST aukið eftirlit með vatnsveitunni í formi sýnatöku. Þá hefur sveitarfélagið tekið ákvörðun um það setja upp búnað sem geislar vatnið en sambærilegur búnaður hefur gefið góða raun hjá vatnsveitum með ótrygg neysluvatnsgæði. Öll sýni sem tekin voru úr hinum vatnsveitunum 12 stóðust kröfur.

Heildarsýni, þar sem rannsakaðir eru efna og eðlisfræðilegir þættir voru tekin hjá stærri vatnsveitunum á árinu í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Skemmst er frá því að segja þeir þættir sem rannsakaðir voru mældust innan viðmiðunarmarka í öllum tilfellum.

7.6.2 Samstarfsverkefni MAST og HES – matvælahópur

Matvælahópur er starfræktur á vegum MAST og HES en hlutverk hans er að fjalla um málefni er hæst bera á hverjum tíma og varða skipulag, samræmingu og framkvæmd matvælaeftirlits á Íslandi. Hópnun er ætlað að undirbúa, framkvæma og/eða deila út verkefnum er stuðlað geta að framþróun matvælaeftirlits. Fulltrúi HAUST í hópnun er Leifur Þorkelsson. Hópurinn sér meðal annars um að leggja fram tillögur varðandi sameiginleg verkefni MAST og HES á landsvísu.



Á árinu 2012 voru þrjú slík samstarfsverkefni í gangi og tók HAUST þátt í þeim öllum. Verkefnið snérust um Innra eftirlit matvælafyrirtækja, rekjanleika og innköllun og sjálfsafgreiðslubari. MAST hefur yfirumsjón með verkefnunum og annast úrvinnslu gagna og birtingu niðurstaðna, þegar þetta er ritað hafa niðurstöður eftirlitsverkefna ársins 2012 ekki verið birtar.

Á árinu 2013 eru þrjú eftirlitsverkefni fyrirhuguð en þau fjalla um sannprófun á örverufræðilegum viðmiðum, upprunamerkingu grænmetis og merkingum á erfðabreyttum matvælum. HAUST gerir sem fyrr ráð fyrir því að taka þátt í öllum verkefnum ársins.


Framundan er talsverð vinna við áhættuflokkun matvælafyrirtækja en eins og um getur hér að framan var samþykkt á vofundi 2012 að notast við áhættuflokkun við eftirlit með matvælafyrirtækjum. Þessi ákvörðun var meðal annars tekin í ljósi þess að í breyttum matvælalögum er ákvæði um það að opinbert eftirlit með matvælafyrirtækjum skuli vera í réttu hlutfalli við áhættuna. Jafnframt segir að markmiðum matvælalaga skuli meðal annars ná með áhættugreiningu. Samþykkt hefur verið að notast við áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi að sænskri fyrirmynd sem aðlagð hefur verið íslenskum aðstæðum. Vinna við áhættuflokkunina er skammt á veg komin og ekki liggur enn fyrir hvort þessar breytingar kunna að hafa áhrif á eftirlitstíðni og eftirlitsgjöld einstakra fyrirtækja eða hvort gera þurfi breytingar á gjaldskrá HES með tilkomu áhættuflokkunarinnar. Stefnt er að því að umrætt kerfi verði tekið upp við skipulag á reglubundnu opinberu eftirliti HES með matvælafyrirtækjum eigi síðar en 1. Janúar 2014.

7.6.3 Ís úr vél

Eins og undanfarin ár var fylgst með örverufræðilegum gæðum íss úr vél.

Tekið er árlega eitt sýni úr hverri ísvél á svæðinu. Standist sýnið ekki örverufræðileg viðmið er rekstraraðila vélarinnar gert viðvart og honum gert að gera ráðstafanir til úrbóta og sýnataka er því næst endurtekin. Ef endurtekin sýni mælast yfir viðmiðunargildum er sala á ís úr viðkomandi ísvél bönnuð, þar til sýnt hefur verið fram á bætt ástand vörunnar. Ekki kom til þess að loka þyrfti ísvél á árinu 2012.

Meðfylgjandi línurit sýnir hlutfall sýna úr reglubundnu eftirliti sem stenst kröfur um örverufræðileg viðmið.



85% þeirra sýna sem tekin voru á árinu 2012 reyndust uppfylla kröfur um örverufræðileg viðmið, sem er talsvert hærra hlutfall en undanfarin ár.



7.7 EFST Á BAUGI Í MENGUNARVARNAEFTIRLITI

7.7.1 Fráveitumál sveitarfélaga



Á undanförunum 3-4 árum hafa heilbrigðisfulltrúar tekið sýni af strandsjó við alla þéttbýliskjarna á Austurlandi. Segja má að þetta átak hafi byrjað mun fyrr þegar mælingar sýndu að skólpmengun í Eyvindará var mikil. Í framhaldinu var gripið til viðamikilla lagfæringa á fráveituvirkjum. Seyðfirðingar óskuðu árið 2008 eftir úttekt á skólpmengun vegna fráveituframkvæmda og Hornfirðingar hafa kannað skólpmengun í strandsjó.

Á árinu 2012 voru tekin strandsýni á Vopnafirði, Borgarfirði eystri, við þéttbýliskjarna í Fjarðabyggð, í Breiðdalsvík og Djúpavogi.

Við mat á saurmengun vatna og strandsjávar er gjarnan notuð eftirfarandi tafla og litaskema.

Saurmengun: Umhverfismörk I: Mjög lítil eða engin saurmengun.

Umhverfismörk II: Lítil saurmengun.

Umhverfismörk III: Nokkur saurmengun.

Umhverfismörk IV: Mikil saurmengun.

Umhverfismörk V: Ófullnægjandi ástand vatns/pynningarsvæði.

Umhverfismörk Tegund/fjöldi per 100 ml	I	II	III	IV	V
Saurkólígerlar eða saurkokkar	<14*	14-100	100-200	200-1000	>1000

*Saurgerlar mega í 10% tilvika fara upp í 43/100 ml

Markmið er að allur strandsjór geti flokkast í bláan eða grænan flokk þ.e. lítil saurmengun eða betra.

Niðurstöður rannsókna á strandsjó við þéttbýli á Austurlandi sýna sem betur fer mikla hreinsigetu sjávar og vatnsfalla, en þó eru nokkrir staðir sem sýna skólpmengun og örfá dæmi eru um ófullnægjandi ástand.

Ekkert sveitarfélag á Austurlandi hefur að fullu uppfyllt kröfur fráveitureglugerðar um hreinsun skólps. Alla jafnan er ekki um viljaleysi að ræða heldur skort á fjármagni en sveitarstjórnir verða a.m.k. að vinna skv. fram lögðum áætlunum og setja sér markmið um að uppfylla ákvæði laga og reglna.

7.7.2 Fráveitumál fyrirtækja

Starfsemi fyrirtækja getur valdið álagi á fráveitukerfi sveitarfélaga og mengað viðtaka. Þess vegna er í fráveitureglugerð ákvæði um að fyrirtæki skuli hafa mengunarvarnir á sína fráveitu áður henni er sleppt út í lagnakerfi sveitarfélaga eða viðtaka. Þessu ákvæði er beitt við útgáfu starfsleyfa þannig að í starfsleyfum matvælafyrirtækja er krafa um fituskilju á fráveitur frá eldhúsum og matvælavinnslum og hvers konar verkstæði, bensínstöðvar og aðrir staðir þar sem unnið er með olíur skulu hafa olúgildrur. Undantekning frá þessari kröfu hefur verið gerð þegar fyrirtæki hafa starfað um langan tíma í eldra húsnæði. Heilbrigðisnefnd hefur nú samþykkt að þau fyrirtæki höfðu slíka undanþágu fái fimm ára aðlögunarfrest til að uppfylla kröfur um hreinsun fráveitu, enda hafa sveitarfélögin allmikinn




kostnað af hreinsun lagna og fráveituvirkja auk þess sem skýrar kröfur eru um vernd viðtaka skólps.

7.7.3 Vatnasvæðanefndir

Ný löggjöf um stjórn vatnamála tók gildi árið 2011 og í kjölfar hennar hefur landið verið skilgreint sem eitt vatnaumdæmi og skipt í fjögur vatnasvæði.

Auk þess sem sveitarfélögum var boðið að skipa fulltrúa í vatnasvæðisnefndir er gert ráð fyrir að heilbrigðisnefnd skipi fulltrúa. Starfssvæði HAUST skarast við tvö vatnasvæði, þ.e. svæði 2 sem nær frá Djúpavogi og norður á Tröllaskaga og svæði 2 sem nær frá Lóni og allt vestur að vatnasvæði Þingvalla.



Markmið með vinnu vatnasvæðanefndanna er að „*Að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.*“

Fyrsta skrefið í að ná markmiðinu er að safna saman öllum upplýsingum sem til eru hjá hinum ýmsu stofnunum og fyrirtækjum. Starfið er leitt af UST, en Veðurstofa, Siglingamálastofnun, sveitarfélögin og margir fleiri koma að þessari vinnu. Á árinu 2012 voru haldnir tveir fundir í hvorri vatnasvæðanefnd sem HAUST á aðild að. Góð samvinna hefur skapast milli HAUST og fulltrúa sveitarfélaga í nefndunum. Drög að stöðuskýrslu eru nú í kynningarferli.

7.7.4 Samstarfsverkefni UST og HES – Umhverfisgæðahópur

Fulltrúar UST og heilbrigðisfulltrúar sem sinna mengunarvarnaeftirliti hafa með sér samstarf í svokölluðum Umhverfisgæðahópi. Helga Hreinsdóttir er fulltrúi HAUST.

Auk þess að vera vettvangur samræmingar og þróunar er unnið að átaksverkefnum í eftirliti með mengandi starfsemi. Tvö meginverkefni voru unnin á árinu.

Bensínstöðvaverkefni. Í hópnum voru unnir tveir gátlistar til að samræma eftirlit heilbrigðisfulltrúa í eftirliti með bensínstöðvum. Annars vegar er gátlisti með mönnum stöðvum og hinn vegna sjálfsafgreiðslustöðva. Í tengslum við þessa vinnu fóru nokkrir fulltrúar hópsins á fund með yfirmönnum allra olíufélaganna og kynntu þeim aðkomu og verklag HES. Þykir þessi vinna hafa skilað góðum árangri.

Olíuskiljuverkefni. Í þessu verkefni voru olíuskiljur frá mengandi starfsemi skoðaðar. Með litastrimlunum var leitað



vísbendinga um hvort olía yfir leyfilegum mörkum væri í fráveituvatni frá olíuskiljunum. Ekki eru vísbendingar um að svo sé og því ekki ástæða til annars en ætla að reiknaðar stærðir á olíuskiljum séu viðunandi. Hins vegar kom í ljós að vanhöld eru á að upplýsingar um skiljurnar og lagnakerfi séu innan fyrirtækja og einnig vatnar sýnatökubrunna. Skýrsla um þetta verkefni er væntanleg á næstu dögum.

7.8 EFST Á BAUGI Í HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLITI

7.8.1 Raki og mygla í húsnæði

Mikil umræða hefur verið í þjóðfélaginu um rakaskemmdir í húsnæði, myglu og hugsanlegan heilsuskaða af þessum völdum. HAUST hefur ekki farið varhluta af þessari umræðu. Í raun er ekki um nýtt vandamál að ræða og heilbrigðisfulltrúar hafa skoðað húsnæði um langt árabíll, 6-8 óskir um húsaskoðun berast árlega. Við skoðun er leitað að raka, ummerkjum um leka, kuldabryr sem valda rakapéttingum, fúa í timbri o.þ.h. en ljóst er að mygla þrífst ekki nema raki sé til staðar. Eigendur húsa eru ætíð ábyrgir fyrir viðgerðum og íbúðarhúsnæði á að vera þurrt, vel við haldið og auðvelt í þrifum. Oftast eru það leigjendur sem leita til HAUST um húsaskoðun til að hafa skýrslu unna af hlutlausum aðila til að styðja kröfur um viðgerðir á hendur húseigendum.

7.8.2 Veggjalús í gististöðum

Nýr gestur – og þó gamall – hefur stungið sér niður á gististöðum. Sumarið 2012 fór að bera á kvörtunum um lúsabít. Lús getur auðveldlega borist með farangri gesta og þessi óþógn gestur gerir ekki greinarmun á hvort um er að ræða farfuglaheimili, bændagistingu eða fimm stjörnu hótél. Rekstaraðilar og starfsmenn gististaða verða að vera afar vel á varðbergi, leita ummerkja um lús undir dýnum við dagleg þrif og gera tafarlaust ráðstafanir er ummerki um lús finnast. Lús á gististað er ekki vísbending um léleg þrif eða lélegan rekstur, enda geta rekstaraðilar ekki skoðað farangur gesta áður en þeim er hleypt inn. Hins vegar er það mjög til vansa fyrir gististaði ef rekstaraðilar grípa ekki tafarlaust til aðgerða vakni minnsti grunur um að lús hafi borist inn á gististaðinn.



7.8.3 Baðstaðir

Nú er nokkur reynsla komin á vinnu með nýja reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum sem tók gildi 1.1.2011.


Nokkur óánægja var með ákvæði um að aldurstakmarkanir, þ.e. að miðað var við fæðingardag 10 ára barna varðandi hvort þau mættu fara í sund án fylgdar fullorðinna. Þótti æskilegra að miða við fæðingarár í þeim tilgangi að sundra ekki vinahópum. Einnig var allmikið um að sótt væri um undanþágur frá því að hafa alltaf tvo baðverði á vakt, t.d. þegar fáir fastagestir synda í morgunsárið. Í kjölfarið hefur verið gerð breyting á reglugerðinni og slíkum undanþágum settar skorður.

Enn er unnið að samræmingu á varúðarmerkingum í sundlaugum og einnig er unnið að öryggishandbók fyrir sundlaugar og eftirlitshandbók fyrir heilbrigðisfulltrúa.

Sýni voru að venju tekin af baðvatni sem hluti af reglubundnu eftirliti með baðstöðum. Nokkrir ferðaþjónustuaðilar opnuðu setlaugar eða heita potta í tengslum við gistirekstur án þess að átta sig á að rekstur slíkra staða er háður starfsleyfi og eftirliti með sýnatöku. Allmikill munur er á rekstri og þjónustu við baðaðstöðu fyrir almenning og ferðamenn eða heitra potta í heimahúsum. Skýrar kröfur eru um klórun baðvatns og mælingar á gæðum vatnsins, enda eru sýkingar af völdum gerla í baðvatni ekki óþekktar.

Með auknum kröfum til tækniþekkingar hjá starfsmönnum sund- og baðstaða í nýju sundlaugareglugerðinni standa vonir til að gæði baðvatns aukist.

Stólparitið hér að neðan sýnir niðurstöður reglubundinna rannsókna á baðvatni í laugum og heitum pottum. Augljóst er að hvergi má slaka á í kröfum um innra eftirlit baðstaða, en einnig sést af línuritinu að heitum pottum fjölga nokkuð á starfssvæðinu.



7.8.4 Leikvellir og leiktæki

Lokafrestur til að endurgera leiksvæði skv. kröfum reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða rann út í árslok 2010. Það hefur tekið mikla vinnu af hálfu HAUST og sveitarfélaganna að uppfylla skilyrði um að leiktæki fylgi stöðlum. Flest sveitarfélög hafa fækkað leiktækjum og leiksvæðum en einnig sett upp ný leiksvæði.

Nú er svo komið að langflest opin leiksvæði í eigu sveitarfélaga á starfssvæði HAUST eru komin með starfsleyfi. Ástæða er til að minna á að farið sé að ýtrustu reglum um innra eftirlit með leiksvæðum.

7.8.5 Hestaleigur

Ákvæði um að hestaleigur skuli hafa starfsleyfi er í hollustuháttareglugerð, en skilgreiningar og verklagsreglur við leyfisvinnslu og eftirlit hefur skort. Á vegum hollustuháttahóps var unnið með þennan málaflokk á árinu 2011 og bætt úr skorti á gögnum. Í byrjun árs var því ákveðið að fara í starfsleyfisvinnslu fyrir hestaleigur og eru nú sex hestaleigur með gild starfsleyfi á Austurlandi.



7.8.6 Samstarfsverkefni UST og HES – Hollustuháttahópur

Hollustuháttahópur starfar á vegum UST og HES. Júlía Siglaugsdóttir er fulltrúi HAUST. Mikil vinna hefur verið í hópnum í tengslum við nýju sundlaugareglugerðina og framkvæmd hennar, þ.e. útgáfu upplýsingaspjalda og handbókar. Umræða um veggjalús og vinna við gerð upplýsingabæklinga um hana var á vegum hópsins auk þess sem mikil umræða var um störf meindýraeyða og skýrsluskil á þeirra vegum. Húðflúr er í mikilli tísku, en ástæða er til að hafa áhyggjur af litarefnum sem notuð eru. Vinna þar um er á vegum hópsins í samvinnu við Landlæknisembættið.

Á árinu 2012 var áformað að vinna tvö átaksverkefni, annað um félagsheimili og hitt um þrif í skólum : Ekki varð af neinni samræmdri verkefnavinnu því UST tilkynnti að vegna manneklu yrði ekkert vinnuframlag af þeirra hálfu til samræmingar eða úrvinnslu.


Hjá HAUST var unnið með gögn sem höfðu verið útbúin vegna könnunar á eldhúsaðstöðu og salernum í félagsheimilum og samkomusölum til útleigu en skýrsla verður ekki unnin.

7.8.7 Samstarfsverkefni UST og HES – Efnavöruhópur

Efnavöruhópur er þriðji samstarfshópurinn á vegum UST og HES. HAUST hefur ekki skipað virkan fulltrúa í þennan hóp, en Helga Hreinsdóttir er tengiliður og fær fundarboð og fundargögn.

Eitt átaksverkefni var unnið á árinu og kallast það efnavörur í matvöruverslunum. Í verkefninu voru merkingar á efnavöru skoðaðar markvisst og reynt að fá yfirsýn yfir ástand mála. Skýrsla um könnunina er væntanleg á næstu dögum.

Í efnavörufrumvarpi sem hefur verið lagt fram á Alþingi er gert ráð fyrir miklum breytingum á fyrirkomulagi eftirlits með efnavöru. Áformað er að færa eftirlitið nær innflutningi og framleiðendum í stað þess að skoða merkingar í verslunum. Einnig er gerð tillaga um að eftirlitið fari þá frá HES og til UST, en að UST geti óskað eftir að HES fari með hluta af eftirlitinu eða sækir sýni fyrir stofnunina. Ekki er samstaða um ágæti þessara breytinga.



8 LOKAORÐ

Verkefni heilbrigðiseftirlits eru fjölbreytt og gera miklar kröfur á starfsmenn, bæði hvað varðar fagþekkingu og stjórnsýslu, en ekki síður í mannlegum samskiptum. Í þjóðfélagsumræðunni virðist annars vegar vera kallað á aukið aðhald eftirlitsaðila með rekstri fyrirtækja og hins vegar er krafa um aukna ábyrgð rekstaraðila og jafnvel frelsi frá eftirliti. Mikilvægt er að heilbrigðisfulltrúar og heilbrigðisnefndir vinni störf sín af heilindum og á grunni laga og reglugerða, en láti ofangreinda umræðu ekki rugla sig í ríminu.

mars 2012

Helga Hreinsdóttir,
frkvstj. HAUST

Leifur Þorkelsson
staðgengill frkvstj.

